


Hafnarfjarðarbær
Innk: 2/12 2015
Málenr: 1506568
Bréfal: 331



Hafnarfjarðarkaupstaður  
Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri  
Strandgata 6  
220 Hafnarfirði

## VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 101 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165  
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 30. nóvember 2015  
Tilv.: VEL15050258/05.54.03

### Efni: Nýtt hjúkrunarheimili í Hafnarfirði

Í maí 2010 var undirritaður samningur milli velferðarráðuneytisins (þá félags- og tryggingarmálaráðuneytis) og Hafnarfjarðarkaupstaðar um byggingu og þátttöku í leigu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða í sveitarfélaginu.

Með samningnum tók Hafnarfjarðarkaupstaður að sér að hanna og byggja 60 rýma hjúkrunarheimili í samræmi við fyrirmæli sem tilgreind voru í fylgiskjali með samningnum. Miðað var við að heimilið yrði tilbúið til afhendingar og rekstrar á haustmánuðum 2012.

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur ekki hafið framkvæmdir við byggingu hjúkrunarheimilisins. Það hefur m.a. leitt til þess að áform um bættan aðbúnað með fækkun fjölbýla sem að var stefnt með nýrri byggingu hafa ekki gengið eftir. Nýja heimilinu var ætlað að koma í stað Sólvangs en þar búa flestir heimilismenn í fjölbýlum. Þá hefur þessi seinkun einnig leitt til þess að reka þarf hjúkrunarheimili í Sólvangshúsinu í mun lengri tíma en áætlað var en heimilið er að mati fólks sem best þekkir til slíks rekstrar afar óhentugt og dýrt í rekstri.


Á fundi í velferðarráðuneytinu, þann 4. nóvember 2015, kynntu embættismenn Hafnarfjarðar, hugmynd að byggingu nýs 60 rýma hjúkrunarheimilis á Sólvangslóðinni og mögulegar breytingar á gamla húsnaði Sólvangs þannig að þar gætu rúmast 20 hjúkrunarrými. Stærðir rýma samkvæmt þessum áformum miðast við ný stærðarviðmið velferðarráðuneytis frá júní 2014. Á fundinum voru einnig ræddar fjármögnunarleiðir, þ.e. annars vegar leiguleið sem gert var ráð fyrir í fyrrnefndum samningi frá 2010 og hins vegar hefðbundin leið fjármögnunar með 15-30% hlutdeild sveitarfélaga á móti 70-85% hlutdeild ríkis og Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Eftir skoðun á málinu er niðurstaða ráðuneytisins eftirfarandi:

- Velferðarráðuneytið gerir ekki athugasemd við að Hafnarfjarðarkaupstaður byggi nýtt 60 rýma hjúkrunarheimili á Sólvangstreitnum á grunni samningsins frá 2010, enda rúmist slíkt hús á lóðinni og leyfi fyrir staðsetningunni liggi fyrir.
- Óski sveitarfélagið eftir endurskoðun samningsins er ráðuneytið reiðubúið til slíkra viðræðna.
- Breyting á fjármögnunarleið kemur ekki til greina að svo stöddu. Það myndi óhjákvæmilega leiða til þess að framkvæmdir tefjist um 5-8 ár.
- Ráðuneytið fellst ekki á að farið verði í endurbætur á Sólvangshúsinu í þá veru sem fulltrúar bæjarins kynntu á fundinum. Þær endurbætur rúmast ekki innan leiguleiðarinnar.

Breytingarnar kalla að mati ráðuneytisins á ítarlega skoðun og þær falla ekki að áætlun ráðuneytisins um framkvæmdir á næstu árum.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra



Sturlaugur Tómasson



Bryndís Þorvaldsdóttir